

SAMNINGUR
Milli Listaháskóla Íslands
og
SFR – Stéttarfélags í almannajónustu.

1. Réttindi og skyldur

- 1.1 Samningur þessi tekur til þeirra starfsmanna Listaháskóla Íslands sem eru félagar í SFR og eru þeir nefndir félagsmenn í samningi þessum.
- 1.2 Um kjör félagsmanna sem samningur þessi tekur til, skal fara eftir kjarasamningi SFR við fjármálaráðuneytið á hverjum tíma þar sem annað er ekki ákveðið í samningi þessum.
- 1.3 Réttindi og skyldur félagsmanna skulu vera hliðstæð ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- 1.4 Um kjarasamninga og vinnudeilur skal farið eftir ákvæðum laga nr. 94/1986
- 1.5 Gildistími og uppsögn samnings þessa fer eftir ákvæðum í lögum nr. 94/1986 um kjarasamning opinberra starfsmanna.
- 1.6 Starfsmenn greiða í þann lífeyrissjóð sem þeir óska og samkomulag er um við forráðamenn skólans.

2. Röðun í launaflokka.

Laun starfsmanna í launaflokka byggir á grunnröðun, viðbótarflokkum samk. launaviðtali og ákvæðum kjarasamnings. Miða skal við að laun starfsmanna séu sem næst markaðslaunum á hverjum tíma. Neðangreind grunnröðun í launaflokka er lágmarksröðun:

Rekstrarstjóri fasteigna	028 lfl.
Fulltrúi á skrifstofu	022 lfl.
Bókari	029 lfl.

3. Mat á hæfni og frammistöðu einstakra starfsmanna.

Við röðun starfsmanns í launaflokk umfram það sem greint er í lið 2 geta ýmsir þættir orðið til að raða starfsmanni ofar þegar tillit er tekið til eftirfarandi atriða eða annarra atriða sem uppkoma í launaviðtali sem starfsmaður á rétt á einu sinni á ári. :

- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi.
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu.
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.
- starfsmaður hefur viðbótar menntun sem nýtist í starfi
- starfsmaður eykur hæfni sína með símenntun
- starfsmaður hefur áunnið sér starfsreynslu sem nýtist sérstaklega í starfi

7. Samstarfsnefnd

Koma skal á fót samstarfsnefnd aðila samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og skal hún koma saman þegar annar hvor aðilinn æskir þess..

Reykjavík 14.8.2007

Samþykkt f.h. SFR

Samþykkt f.h. Listaháskóla Íslands

Bókun:

Starfsmenn sem störfuðu áður hjá Myndlistar- og handíðarskólanum og greiddu í LSR hafa heimild til að greiða áfram í þann sjóð.